

Ed.

454. Nefndarálit

[127. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið um tekjuskatt og eignarskatt á mörgum fundum í samvinnu við fjárhagsnefnd neðri deildar, eftir að þingstörf hófust aftur í janúar.

Hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunarinnar hefur gert yfirlit yfir skattbreytingar skv. báðum skattalagafrumvörpunum, eins og þau lita út eftir 2. umræðu í hvorri deild. Miðað er við álagningartölur og skattvísitölu 106.5. Yfirlit hagrannsóknadeildar fylgir hér með, merkt fylgiskjal I. Jafnframt hefur til einföldunar verið gerður útdráttur og ný sundurliðun samkvæmt þessu yfirliti, sem fylgir hér merkt fylgiskjal II.

Þessar yfirlitstöflur bera það með sér, að miðað við skattvísitölu 106.5, sem látin er fylgja vísitölu framfærslukostnaðar, er ekki um að ræða aukna skattbyrði í heildina tekið. Heildarskattbyrðin af völdum þessara tveggja frumvarpa, ef gengið er út frá lögum og frumvarpi án hækkunarheimilda í báðum tilvikum, lækkar úr 7641 millj. kr. í 7331 millj. kr., og munar þar mestu, að almennir skattar, þ. e. tekjuskattur og útsvar, eru í heild 370 millj. kr. lægri en tekjuskattur, útsvar, almannatrygginga- og sjúkrasamlagsgjöld hefðu verið samanlagt, ef lagt hefði verið á eftir sama kerfi og síðast var gert.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frv. Meiri hlutinn leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en minni hlutinn mun skila séráliti.

Alþingi, 14. marz 1972.

Ragnar Arnalds,
form., frsm.

Halldór Kristjánsson,
fundaskr.

Tómas Árnason.

Benóný Arnórsson.

Fylgiskjal I.

HAGRANNSÓKNADEILD

6. 3. 1972.

Yfirlit yfir skattbreytingar skv. lagafrumvörpum lögðum fram í des. 1971 ásamt breytingartillögum.¹⁾

Áætlaðar álagningartölur 1972.

Milljónir króna.

	Gamla kerfið		Nýja kerfið	
	Tilvik I	Tilvik II	Hugmynd I	Hugmynd II
Ríkissjóður	2 867.2	2 693.1	4 033.9	4 033.9
Almannatryggingagjald	(747.0)	(747.0)	0.0	0.0
Eignarskattur einstaklinga	130.4	18.0	136.0	136.0

1) Sömu meginforsendur og í yfirliti frá 12/1/72. Helztu breytingar eru:

Ríki: Eignarskattur einstaklinga og félaga hækkar um 0.2% á hverju þrepi. Persónufrádráttur einhleypa til tekjuskatts hækkar, stigi breytist, frádráttur einstæðra foreldra hækkar, sérstakur sjómannafrádráttur, sérstakur afsláttur á tekjuskatti aldraðra.

Sveitarfélög: Hugmynd I: Álagning skv. breyttu frumvarpi án heimildarákvæða.

Hugmynd II: Útsvarsfrádráttur vegna heimildarákvæða 175 m.kr. og meðalálág áætlað 7% á landsvísi (217 m.kr.). Meðalálág á fasteignaskatt áætlað 40%, en ekki gert ráð fyrir hækkun fasteignamats.

	Gamla kerfið		Nýja kerfið	
	Tilvik I	Tilvik II	Hugmynd I	Hugmynd II
Byggingasjóðsgjald þar af	1.3	0.2	1.4	1.4
Eignarskattur félaga	52.0	90.0	179.0	179.0
Byggingasjóðsgjald þar af	0.5	0.9	1.8	1.8
Erfðafjárskattur	10.0	10.0	25.0	25.0
Tekjuskattur einstaklinga	1 708.9	1 708.9	3 099.0	3 099.0
Byggingasjóðsgjald þar af	17.1	17.1	31.1	31.1
Tekjuskattur félaga	(198.0)	(100.0)	555.0	555.0
Byggingasjóðsgjald þar af	(2.0)	(1.0)	5.6	5.6
Sveitarsjóðir	4 294.5	4 074.5	3 362.0	3 584.0
Eignarútsvör einstaklinga	124.5	124.5	0.0	0.0
Eignarútsvör félaga	51.0	51.0	0.0	0.0
Tekjuútsvör einstaklinga	2 990.0	2 990.0	2 487.0	2 529.0
Tekjuútsvör félaga	345.0	(125.0)	0.0	0.0
Aðstöðugjöld	654.0	654.0	425.0	425.0
Þar af félög	(510.0)	(510.0)	(331.0)	(331.0)
Fasteignaskattar	130.0	130.0	450.0	630.0
Þar af félög (lausleg áætlun)	(32.5)	(32.5)	(140.0)	(196.0)
Sjúkrasamlög	510.0	510.0	0.0	0.0
Sjúkrasamlagsgjöld einstakl.	510.0	510.0	0.0	0.0
Samtals	7 671.7	7 277.6	7 395.9	7 617.9
Einstaklingar alls	6 480.7	6 367.2	6 183.5	6 349.5
Félög alls	1 191.0	910.4	1 212.4	1 268.4
Skattar af eignum alls	499.7	424.6	793.2	973.2
Aðrir skattar alls	7 172.0	6 853.0	6 602.7	6 644.7

Fylgiskjal II.

SAMANBURÐUR SKATTKERFA

(álagningartölur í millj. króna — miðað við skattvísitölu 106.5)

Skattar einstaklinga

	Lög við álagningu 1970/1971	Ný lög sett vorið 1971	Skattal. í marz 1972	
Alm.trygg.- og sjúkras.-gjald	1 257	1 257		
Tekjuskattur	1 709	1 709	3 099	
Tekjuútsvör	2 990	2 990	2 487	
Almennir skattar	5 956¹⁾	5 956¹⁾	5 586	
Eignarskattur	130	18	136	
Eignarútsvör	125	125	0	
Fasteignaskattur	97	352	97	240
Aðstöðugjöld	144	144	94	446
Skattar einst. af eignum og rekstri		496	384	540

1) Miðað við skattvísitölu 121.5.

	Lög við álagningu 1970/1971	Ný lög sett vorið 1971	Skattal. i marz 1972
Skattar fyrirtækja			
Tekjuskattur félaga	198	100	555
Tekjuútsvör félaga	345	125	0
Tekjuskattar fyrirtækja	543	225	555
Eignarskattur félaga	52	90	179
Eignarútsvör félaga	51	51	0
Fasteignaskattur	33	33	140
Eignarskattar fyrirtækja	136	174	319
Aðstöðugjöld fyrirtækja	510	510	331
Skattar fyrirtækja alls	1 189	909	1 205
Skattar fyrirtækja og eignaaðila	1 685	1 293	1 745
Skattar alls	7 641	7 249	7 331
	5 341	5 341	
D. e. samtals	7 026	6 634	